# Miðflokkurinn

## Ársreikningur 2019 - samstæða

Miðflokkurinn
Hafnarstræti 20
101 Reykjavík
Kt. 650609-1740

# Efnisyfirlit

| | |
|---|---|
| Skýrsla stjórnar.................................................... | 2 |
| Áritun endurskoðanda....................................... | 3-4 |
| Rekstrarreikningur............................................. | 5 |
| Efnahagsreikningur............................................ | 6 |
| Sjóðstreymi......................................................... | 7 |
| Skýringar............................................................ | 8-12 |

# Skýrsla stjórnar

Samstæðuársreikningur Miðflokksins fyrir árið 2019 er gerður í samræmi við lög um fjármál stjórnmálasamtaka nr. 192/2006 og þar sem við á lög um ársreikninga nr. 3/2006, leiðbeiningar útgefnar af ríkisendurskoðanda og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Kjördæmafélög Miðflokkins eru fimm og mynda fjögur þeirra samstæðu með flokksskrifstofu Miðflokksins. Þau eru Miðflokksfélag Norðausturkjördæmis, Miðflokksfélag Reykjavíkur, Miðflokksfélag Suðurkjördæmis og Miðflokksfélag Suðvesturkjördæmis. Miðflokksfélag Norðvesturkjördæmis er fyrir utan samstæðu þar sem það er undir stærðarmörkum.

## Meginstarfsemi flokksins

Miðflokkurinn er flokkur með djúpar rætur á miðju stjórnmálanna. Flokkurinn hefur það markmið að veita og varðveita stöðugleika og standa vörð um hefðbundin grunngildi en um leið vera flokkur hugmyndaauðgi og framfara, samfélaginu öllu til heilla. Flokkur sem leitar til þeirra sem best þekkja til á hverju sviði og styður góðar hugmyndir sama hvaðan þær koma. Miðflokkurinn leitar ætíð að skynsamlegustu lausninni á hverju viðfangsefni á grundvelli rökhyggju og rökræðu. Miðflokkurinn býður fram til Alþingis og sveitarstjórna.

## Starfsemin á árinu

Rekstrarafgangur af rekstri Miðflokksins á árinu 2019 nam 67 millj. kr. samanborið við 31 millj. kr. rekstrarafgang árið á undan. Eignir Miðflokksins í árslok námu 82 millj. kr. og námu skuldir Miðflokksins 851 þús. kr. Eigið fé Miðflokksins í árslok var jákvætt sem nemur 81 millj. kr. Tveir starfsmenn störfuðu hjá Miðflokknum á árinu auk eins starfsmanns á Alþingi.

## Atburðir eftir reikningsskiladag

Stjórn Miðflokksins fylgist sérstaklega með áhrifum kórónaveirunnar (Covid-19) á afkomu og stöðu Miðflokksins, sem og samfélagsins alls. Stjórn Miðflokksins vekur athygli á skýringu nr. 16 þar sem fjallað er um atburði eftir reikningsskiladag.

Það er álit stjórnar flokksins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu flokksins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun flokksins, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn Miðflokksins staðfestir hér með ársreikning flokksins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Reykjavík, 31. október 2020.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson
Formaður

Nanna Margrét Gunnlaugsdóttir
Framkvæmdastjóri skrifstofu

Anna Kolbrún Árnadóttir
Þingmaður

Gunnar Bragi Sveinsson
Þingflokksformaður

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Miðflokksins

## Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Miðflokksins fyrir árið 2019. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu flokksins á árinu 2019, efnahag þess 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um fjármál stjórnmálasamtaka nr. 192/2006 og þar sem við á lög um ársreikninga nr. 3/2006, leiðbeiningar útgefnar af ríkisendurskoðanda og settar reikningsskilareglur.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

## Grundvöllur fyrir áliti

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Miðflokknum í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Önnur atriði

Ársreikningur Miðflokksins árið 2018 var kannaður af öðrum endurskoðenda. Könnunaráritun þeirra er dagsett 25. september 2019. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samaburðartölur í ársreikningi 2019 er varða rekstur hafa því ekki verið endurskoðaðar.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um fjármál stjórnmálasamtaka nr. 192/2006 og þar sem við á lög um ársreikninga nr. 3/2006, leiðbeiningar útgefnar af ríkisendurskoðanda og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Miðflokksins. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa flokkinn upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

## Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

# Aritun óháðs endurskoðanda - framhald

Endurskoðun okkar er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits samtakanna.

- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi flokksins.

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Reykjavík, 31. október 2020.

**BDO ehf.**

Sigrún Guðmundsd.

Sigrún Guðmundsdóttir
löggiltur endurskoðandi

Fríða H. Elmarsdóttir

Fríða Hrönn Elmarsdóttir
löggiltur endurskoðandi

# Rekstrarreikningur ársins 2019

| | | Samstæða | | Flokksskrifstofa | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | Óendurskoðað | | Óendurskoðað |
| | Skýr. | 2019 | 2018 | 2019 | 2018 |
| **Rekstrartekjur** | | | | | |
| Fjárframlög úr ríkissjóði | 4. | 83.495.153 | 71.495.152 | 83.495.153 | 71.495.152 |
| Fjárframlög frá Alþingi | 5. | 17.001.671 | 9.528.916 | 17.001.671 | 9.508.356 |
| Fjárframlög sveitarfélaga | 6. | 4.145.290 | 2.033.733 | 56.730 | 30.728 |
| Fjárframlög lögaðila | 7. | 2.875.000 | 4.449.000 | 2.300.000 | 1.100.000 |
| Fjárframlög einstaklinga | 8. | 3.433.409 | 1.433.117 | 954.710 | 0 |
| Félagsgjöld | 9. | 1.186.500 | 0 | 1.186.500 | 0 |
| Aðrar tekjur | 10. | 3.214.103 | 304.096 | 896.155 | 2.490.199 |
| | | 115.351.126 | 89.244.014 | 105.890.919 | 84.624.435 |
| **Rekstrargjöld** | | | | | |
| Aðalskrifstofa | 11. | 46.303.076 | 26.065.760 | 52.434.094 | 26.065.760 |
| Alþingiskosningar | | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Sveitarstjórnarkosningar | | 0 | 32.031.009 | 0 | 22.399.478 |
| Kjördæma- og undirfélög | 12. | 4.947.258 | 1.191.922 | 0 | 0 |
| | | 51.250.334 | 59.288.691 | 52.434.094 | 48.465.238 |
| **Rekstrarafkoma** | | 64.100.792 | 29.955.323 | 53.456.825 | 36.159.197 |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | 13. | | | | |
| Fjármunatekjur | | 3.469.332 | 970.983 | 3.464.355 | 961.629 |
| Fjármagnsgjöld | | (775.876) | (334.034) | (772.909) | (265.789) |
| | | 2.693.456 | 636.949 | 2.691.446 | 695.840 |
| **Rekstrarafkoma ársins** | | 66.794.248 | 30.592.272 | 56.148.271 | 36.855.037 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2019

| | | Samstæða | | Flokksskrifstofa | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Eignir** | Skýr. | 31.12.2019 | 31.12.2018 | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
| **Veltufjármunir** | | | | | |
| Viðskiptakröfur | | 2.682.470 | 0 | 2.236.730 | 0 |
| Kröfur á kjördæmafélög | | 0 | 0 | 2.602.680 | 8.837.071 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 171.743 | 189.742 | 0 | 0 |
| Handbært fé | | 79.443.096 | 17.265.815 | 73.011.393 | 14.779.641 |
| | | 82.297.309 | 17.455.557 | 77.850.803 | 23.616.712 |
| **Eignir samtals** | | 82.297.309 | 17.455.557 | 77.850.803 | 23.616.712 |

## Eigið fé og skuldir

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | 14. | | | | |
| Óráðstafað eigið fé | | 81.446.106 | 14.651.858 | 77.062.894 | 20.914.623 |
| | | 81.446.106 | 14.651.858 | 77.062.894 | 20.914.623 |
| **Skammtímaskuldir** | | | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 103.992 | 0 | 40.698 | 0 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 730.445 | 2.803.699 | 730.445 | 2.702.089 |
| Ýmsar skuldir | | 16.766 | 0 | 16.766 | 0 |
| | | 851.203 | 2.803.699 | 787.909 | 2.702.089 |
| **Skuldir samtals** | | 851.203 | 2.803.699 | 787.909 | 2.702.089 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 82.297.309 | 17.455.557 | 77.850.803 | 23.616.712 |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2019

| | Skýr. | Samstæða 2019 | Samstæða 2018 | Flokksskrifstofa 2019 | Flokksskrifstofa 2018 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | | | |
| Rekstrarafkoma ársins.......................................... | | 66.794.248 | 30.592.272 | 56.148.271 | 36.855.037 |
| | | 66.794.248 | 30.592.272 | 56.148.271 | 36.855.037 |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna: | | | | | |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur.......... | | (2.664.471) | 110.258 | 3.997.661 | (8.537.071) |
| Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda: | | | | | |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir........ | | (1.952.496) | (14.424.794) | (1.914.180) | (14.526.404) |
| | | (4.616.967) | (14.314.536) | 2.083.481 | (23.063.475) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 62.177.281 | 16.277.736 | 58.231.752 | 13.791.562 |
| **Hækkun á handbæru fé** | | 62.177.281 | 16.277.736 | 58.231.752 | 13.791.562 |
| Handbært fé í ársbyrjun....................................... | | 17.265.815 | 988.079 | 14.779.641 | 988.079 |
| **Handbært fé í árslok** | | 79.443.096 | 17.265.815 | 73.011.393 | 14.779.641 |

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Miðflokkurinn er flokkur með djúpar rætur á miðju stjórnmálanna. Flokkurinn hefur það markmið að veita og varðveita stöðugleika og standa vörð um hefðbundin grunngildi en um leið vera flokkur hugmyndaauðgi og framfara, samfélaginu öllu til heilla. Flokkur sem leitar til þeirra sem best þekkja til á hverju sviði og styður góðar hugmyndir sama hvaðan þær koma. Miðflokkurinn leitar ætíð að skynsamlegustu lausninni á hverju viðfangsefni á grundvelli rökhyggju og rökræðu. Miðflokkurinn býður fram til Alþingis og sveitarstjórna.

Samstæðuársreikningur flokksins samanstendur af ársreikningi flokksins og eftirfarandi aðildarfélögum hans:

Miðflokksfélag Norðausturkjördæmis, kt: 480318-1100, Dalbrún 4, 700 Egilsstaðir
Miðflokksfélag Reykjavíkur, kt: 460318-1140, Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík
Miðflokksfélag Suðurkjördæmis, kt: 650418-0850, Húsatóftum 1c, 801 Selfoss
Miðflokksfélag Suðvesturkjördæmis, kt: 560218-0520, Hafnarstræti 20, 101 Reykjavík

Eftirfarandi kjördæmisfélög og undirfélög eru ekki meðtalin í samstæðuársreikningi sbr. 8. gr. laga nr. 162/2006 um fjármál stjórnmálasamtaka þar sem þau eru undir fyrirframskilgreindum viðmiðunarmörkum:

Miðflokksfélag Norðvesturkjördæmis, kt: 470918-1600, Garðabraut 26, 300 Akranes

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuársreikningur Miðflokksins fyrir árið 2019 er gerður í samræmi við lög um fjármál stjórnmálasamtaka nr. 192/2006 og þar sem við á lög um ársreikninga nr. 3/2006, leiðbeiningar útgefnar af ríkisendurskoðanda og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum samstæðunnar.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Samstæða

Miðflokknum ber að gera samstæðureikning fyrir allar einingar, sem undir hann falla, svo sem sérsambönd, kjördæmisráð, eignarhaldsfélög og tengdar sjálfseignarstofnanir, hvort sem þær eru skráðar eða ekki. Með samstæðureikningi í þessu sambandi er átt við reikningsskil, þar sem ársreikningar Miðflokksins og eininganna, sem undir hann falla, hafa verið sameinaðir í einn reikning.

Í samstæðureikningnum eru tekju- og gjaldaliðir og eigna- og skuldaliðir lagðir saman og er viðskiptum innan samstæðunnar eytt út við gerð reikningsskilanna.

### Skráning tekna

Tekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur stofnast. Mótteknir styrkir eru bókaðir í samræmi við útgáfuár reikninga.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnstæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtagjöld langtímalána og önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð á því tímabili sem þau falla til óháð greiðslu. Vaxtatekjur og gengismunur skammtímaverðbréfaeignar er færður á ávinnslutímabili óháð innlausn.

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Viðskiptakröfur
Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði.

### Handbært fé
Handbært fé samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum og veltubréfum með undirliggjandi innlánum hjá fjármálafyrirtækjum.

### Viðskiptaskuldir
Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til verðbótaútreiknings og vaxta.

### Skuldbindingar
Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að flokkurinn verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

## 3. Laun og tengd gjöld

Laun og tengd gjöld tilheyra öll flokksskrifstofu og eru færð á meðal rekstrargjalda aðalskrifstofu og sundurliðast þannig:

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Laun | 9.306.315 | 5.036.686 |
| Launatengd gjöld | 1.908.572 | 878.847 |
| Annar starfsmannakostnaður | 560.425 | 0 |
| | 11.775.312 | 5.915.533 |
| | | |
| Meðalfjöldi starfa | 2,0 | 1,0 |

Alþingi greiðir að auki laun fyrir einn starfmann Miðflokksins og nam sá kostnaður kr. 12.601.096 á árinu 2019.

## 4. Fjárframlög úr ríkissjóði

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Fjárframlög úr ríkissjóði sbr. 3 gr. laga nr. 162/2006 | 83.495.153 | 71.495.152 |
| | 83.495.153 | 71.495.152 |

## 5. Fjárframlög frá Alþingi

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Fjárframlög frá Alþingi sbr. 4 gr. laga nr. 162/2006 | 17.001.671 | 9.528.916 |
| | 17.001.671 | 9.528.916 |

## 6. Fjárframlög sveitarfélaga

Fjárframlög frá sveitarfélögum, sbr. 8. gr. laga nr. 162/2006 um fjármál stjórnmálasamtaka, sundurliðast þannig:

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Akureyrarbær | 169.141 | 93.277 |
| Akraneskaupstaður | 56.730 | 30.728 |
| Egilsstaðir, Fljótsdalshérað | 127.782 | 62.276 |
| Fjarðarbyggð | 168.045 | 98.026 |
| Grindavík | 135.604 | 73.452 |
| Reykjanesbær | 614.640 | 0 |
| Árborg | 127.500 | 160.000 |
| Reykjavíkurborg | 1.551.245 | 866.983 |
| Garðabær | 245.338 | 132.892 |
| Hafnarfjarðarkaupstaður | 395.200 | 197.600 |
| Kópavogsbær | 375.517 | 187.758 |
| Mosfellsbær | 138.548 | 130.741 |
| Sveitarfélagið Ölfus | 10.000 | 0 |
| Sveitarfélagið Vogar | 10.000 | 0 |
| Hveragerðisbær | 20.000 | 0 |
| | 4.145.290 | 2.033.733 |

## 7. Fjárframlög lögaðila

Fjárframlög frá lögaðilum, sbr. 8. gr. laga nr. 162/2006 um fjármál stjórnmálasamtaka, sundurliðast þannig:

| | Fjárframlög |
|---|---|
| Síldarvinnslan / kt: 570269-7479 | 550.000 |
| Eskja hf. / kt: 630169-4299 | 200.000 |
| Arnarlax ehf. / kt: 580310-0600 | 300.000 |
| Þorbjörn hf. / kt: 420369-0429 | 400.000 |
| Skinney-Þinganes / kt: 480169-2989 | 200.000 |
| Brim hf. / kt: 541185-0389 | 550.000 |
| P.S. fasteignir ehf. / kt: 571299-2249 | 100.000 |
| Set ehf. / kt: 610278-0359 | 25.000 |
| Maron ehf. / kt: 460303-2140 | 100.000 |
| Einhamar Seafood ehf. / kt: 581202-3340 | 80.000 |
| Austurbær - fasteignafélag / kt: 481216-0520 | 50.000 |
| BR flutningar ehf / kt: 640809-0940 | 50.000 |
| Akurhólar ehf. / kt: 421216-0370 | 110.000 |
| Lögmenn Suðurlandi ehf / kt: 571292-3009 | 20.000 |
| Verkís hf. / kt: 611276-0289 | 20.000 |
| PricewaterhouseCoopers ehf / kt: 690681-0139 | 20.000 |
| LEX ehf. / kt: 570297-2289 | 30.000 |
| Ræktunarsamband Flóa/Skeið / kt: 410693-2169 | 20.000 |
| Sigtún þróunarfélag ehf. / kt: 551012-1310 | 50.000 |
| | 2.875.000 |

# Skýringar

## 8. Fjárframlög einstaklinga

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 162/2006 ber að tilgreina sérstaklega þá einstaklinga sem veitt hafa framlög til flokksins sem eru metin á meira en 300 þús. kr. Fjárframlög frá einstaklingum sundurliðast þannig:

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Sveinn Óskar Sigurðsson | 461.513 | 0 |
| Hallfríður G. Hólmgrímsdóttir | 327.398 | 0 |
| Sigmundur Davíð Gunnlaugsson | 300.000 | 0 |
| Bergþór Ólason | 300.000 | 0 |
| Framlög undir 300 þús. kr | 2.044.498 | 1.433.117 |
| | 3.433.409 | 1.433.117 |

## 9. Félagsgjöld

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Félagsgjöld undir 100 þús. kr | 1.186.500 | 0 |
| | 1.186.500 | 0 |

## 10. Aðrar tekjur

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Aðrar rekstrartekjur, miðasölutekjur og viðburðir | 3.214.103 | 304.096 |
| | 3.214.103 | 304.096 |

## 11. Aðalskrifstofa

| | Skrifstofa | Sveitastjórnar kosningar | Kjördæma- og undirfélög | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 14.267.094 | | | 14.267.094 |
| Alþingi | 12.601.096 | | | 12.601.096 |
| Aðkeypt þjónusta | 8.323.259 | | | 8.323.259 |
| Auglýsingar | 5.115.168 | | | 5.115.168 |
| Húsnæðiskostnaður | 3.476.451 | | | 3.476.451 |
| Funda- og ferðakostnaður | 2.965.195 | | | 2.965.195 |
| Veittir styrkir | 80.000 | | | 80.000 |
| Kjördæmafélög | | | 5.270.771 | 5.270.771 |
| Önnur rekstrargjöld | 335.060 | | | 335.060 |
| | 47.163.323 | 0 | 5.270.771 | 52.434.094 |

## 12. Kjördæma- og undirfélög

| | Skrifstofa | Sveitastjórnar-kosningar | Kjördæmis- og undirfélög | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Auglýsingar | 81.859 | | | 81.859 |
| Húsnæðiskostnaður | 1.517.146 | | | 1.517.146 |
| Önnur rekstrargjöld | 2.185.654 | | 297.432 | 2.483.086 |
| | 4.649.826 | 0 | 297.432 | 4.947.258 |

## 13. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

| | Samstæða | |
|---|---|---|
| **Fjármunatekjur** | 2019 | 2018 |
| Vaxtatekjur af bankainnstæðum | 3.469.332 | 970.983 |
| | 3.469.332 | 970.983 |

| **Fjármagnsgjöld** | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Önnur vaxtagjöld | 775.876 | 334.034 |
| | 775.876 | 334.034 |

## 14. Eigið fé

Eigið fé samstæðunnar var jákvætt um kr. 81.446.106 í árslok 2019.

| | Samstæða | Flokks-skrifstofa |
|---|---|---|
| Eigið fé í ársbyrjun 2018 | (15.940.414) | (15.940.414) |
| Rekstrarafkoma ársins | 30.592.272 | 36.855.037 |
| Eigið fé í árslok 2018 | 14.651.858 | 20.914.623 |
| Rekstrarafkoma ársins | 66.794.248 | 56.148.271 |
| Eigið fé í árslok 2019 | 81.446.106 | 77.062.894 |

## 15. Þriggja ára yfirlit

| | Flokksskrifstofa | | |
|---|---|---|---|
| | 2019 | 2018 | 2017 |
| Rekstrartekjur | 105.890.919 | 84.624.435 | 11.806.500 |
| Rekstrargjöld | (52.434.094) | (48.465.238) | (27.516.273) |
| Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði | 53.456.825 | 36.159.197 | (15.709.773) |
| Fjármagnsliðir | 2.691.446 | 695.840 | (230.641) |
| Rekstrarafkoma ársins | 56.148.271 | 36.855.037 | (15.940.414) |

| | Samstæða | | |
|---|---|---|---|
| | 2019 | 2018 | 2017 |
| Rekstrartekjur | 115.351.126 | 89.244.014 | 11.806.500 |
| Rekstrargjöld | (51.250.334) | (59.288.691) | (27.516.273) |
| Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði | 64.100.792 | 29.955.323 | (15.709.773) |
| Fjármagnsliðir | 2.693.456 | 636.949 | (230.641) |
| Rekstrarafkoma ársins | 66.794.248 | 30.592.272 | (15.940.414) |

## 16. Atburðir eftir reikningsskiladag

COVID-19 heimsfaraldurinn hefur skapað mikla óvissu fyrir fyrirtæki, stofnanir og samtök og ljóst er að hann mun hafa margvíslegar afleiðingar í för með sér. Miðflokkurinn fylgist sérstaklega með áhrifum kórónuveirunnar (COVID-19) á samfélagið og mun halda áfram að leggja fram lausnir til að draga úr þeim skaða sem veiran hefur á heilsu og efnahag margra.

Stjórn Miðflokksins telur að áhrif vegna COVID-19 séu óveruleg á efnahag, afkomu og sjóðstreymi flokksins.